

Hækkanir samkvæmt ofanrituðu eru þó því aðeins gildar, að heimild iðnaðarráðuneytisins sé fyrir hendi.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 14 frá 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 343 18. júní 1975.

*Iðnaðarráðuneytið, 1. apríl 1976.*

F. h. r.

**Árni Þ. Árnason.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*

## GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Akraness.

**Almennur vatnsskattur.**

### 1. gr.

Af öllum húseignum í lögsagnarumdæmi Akraneskaupstaðar, sem virtar eru fasteignamati og liggja við vegi og opin svæði, þar sem vatnsæðar eru, skal greiða árlegan vatnsskatt, sem nemur 0.158% af framreiknuðu gildandi fasteignamati eignarinnar hverju sinni.

### 2. gr.

Vatnsskattur samkvæmt 1. gr. skal hlíta eftirfarandi ákvæðum um minnsta gjald á rúmmetra í byggingum á viðkomandi lóð:

Íbúðarhús .....	minnst 11.37 kr./m <sup>3</sup>
Iðnaðarhús .....	— 2.75 —
Vörugeymslur .....	— 2.75 —
Allt annað húsnæði .....	— 11.37 —

Þessi lágmarksgjöld eru miðuð við fasteignamat 1970 og breytast í samræmi við það.

**Aukavatnsskattur.**

### 3. gr.

Auk vatnsskatts samkvæmt 1. gr., skal greiða aukavatnsskatt af húsum, er nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin eða af öðrum ástæðum.

Aukavatnsskatt skal innheimta samkvæmt mæli eða áætlun vatnsveitunnar með kr. 4.12 fyrir hvern rúmmetra vatns. Fyrir önnur vatnsafnot en þau, er að framan eru talin, skal hverju sinni greiddur aukavatnsskattur samkvæmt ákvörðun vatnsveitunnar.

**Önnur gjöld.**

### 4. gr.

Greiða skal vatn sem selt er til skipa og báta í Akraneshöfn. Greiðsla skal vera kr. 78.40 fyrir hvern rúmmetra.

**5. gr.**

Allir, sem óska tengingar við dreifiæðar vatnsveitunnar, greiði stofngjald, er sé kr. 14.70 af fyrstu 2000 rúmmetrum húss og kr. 9.80 af því, sem þar fer yfir.

**6. gr.**

Gjald fyrir uppsetningu mælis skal vera kr. 3 410 pr. mæli. Mælaleiga skal vera sem hér segir:

40 mm mælir og minni .....	kr. 1 176 pr. ár
50 mm mælir .....	— 1 960 — —
80 mm mælir .....	— 2 352 — —
100 mm mælir .....	— 4 704 — —

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 frá 20. júní 1923, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi fyrri gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Akraness nr. 16 15. janúar 1974.

*Félagsmálaráðuneytið, 5. apríl 1976.*

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

*Skúli Sigurðsson.*

**REGLUGERÐ**

um breytingu á reglugerð nr. 123 8. júlí 1971, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

**1. gr.**

Á eftir 3. tölulið 2. gr. reglugerðarinnar komi nýr töluliður, sem verði 4. töluliður og orðist svo:

4. Deild fyrir skreiðarafurðir.

**2. gr.**

3. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Ráðherra skipar tvo menn í stjórn hveirrar deildar eftir tilnefningu hagsmunaaðila í þeirri grein fiskiðnaðarins, sem í hlut á. Taka þeir sæti í stjórninni, þegar fjallað er um málefni deildarinnar svo sem við ákvörðun um verðgrundvöll. Þeir skulu tilnefndir þannig:

1. Í deild fyrir frystar fiskafurðir:

Einn maður eftir tilnefningu Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og einn maður eftir tilnefningu sjávarafurðadeildar Sambands ísl. samvinnufélaga.

2. Í deild fyrir saltfiskafurðir:

Tveir menn eftir tilnefningu Sölusambands ísl. fiskframleiðenda.

3. Í deild fyrir afurðir síldar- og fiskimjölsverksmiðja:

Tveir menn eftir tilnefningu Félags ísl. fiskimjölsframleiðenda.

4. Í deild fyrir skreiðarafurðir:

Einn maður eftir tilnefningu Samlags skreiðarframleiðenda og einn maður samkvæmt sameiginlegri tilnefningu nokkurra stærstu skreiðarframleiðenda og